



Minnisblað

Til: Borgarráðs

Efni: Frumvarp að fjárhagsáætlun og uppfærð þjóðhagsspá Hagstofu Íslands

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Forsendur fjárhagsáætlunar 2025-2029 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birt var 16. apríl sl. Þann 4. nóvember sl., birti Hagstofan uppfærða þjóðhagsspá um framvindu í efnahagsmálum næstu árin, sbr. eftirfarandi töflu:

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Einkaneysla	0,5	0,6	2,3	2,9	2,8	2,8	2,5
Samneysla	1,8	1,9	0,9	0,9	1,0	1,4	1,3
Fjármunamyndun	1,6	2,1	1,4	3,3	2,8	0,7	2,8
Útflutningur vöru og þjónustu	6,3	0,6	3,5	2,8	2,9	2,8	2,3
Innflutningur vöru og þjónustu	-1,1	2,5	2,0	2,2	2,0	1,9	1,9
Verg landsframleiðsla	5,0	0,1	2,4	2,7	2,7	2,3	2,5
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,4	3,7	4,1	4,1	4,0	4,0	4,0
Vísitala neysliverðs	8,7	5,9	3,8	2,7	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	2,6	0,2	-0,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Þróun launa	9,7	6,4	5,7	4,4	4,1	4,0	4,1

Taflan hér fyrir neðan sýnir frávik nýjustu þjóðhagsspár frá 17. nóv. og þeirri sem birt var í júní sl.

Breyting m.v. áður birtar forsendur fjárhagsáætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2025	2026	2027	2028	2029
Einkaneysla	0,7	0,1	0,2	0,2	0,0
Samneysla	0,1	0,2	0,1	0,4	0,3
Fjármunamyndun	3,4	0,2	1,1	0,0	0,2
Útflutningur vöru og þjónustu	0,5	0,0	0,3	0,2	0,2
Innflutningur vöru og þjónustu	0,6	0,1	0,3	0,1	0,1
Verg landsframleiðsla	0,6	0,0	0,3	0,0	0,2
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0
Vísitala neysliverðs	0,6	0,0	0,0	0,0	0,0
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	0,5	0,0	0,0	0,0	0,0
Þróun launa	0,7	0,1	0,0	0,1	0,1

Þeir þættir sem helst hafa áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta fyrir árið 2025 tengjast verðlags- og launaþróun.

- Gert er ráð fyrir að vísitala neysliverðs hækki um 0,6%-stig frá síðustu spá Hagstofu og fari úr 3,2% í 3,8%. Almenn rekstrarútgjöld sviða og stofnana voru verðbætt 3,2% fyrir árið 2025 og almennur rekstrarkostnaður grunnskóla verðbættur til samræmis við leikreglur grunnskólalíkansins. Þá hefur verðbólga áhrif á innri viðskipti, s.s. á innri leigu stofnana í Aðalsjóði sem tekjufærast í Eignasjóði. Verðbólga hefur einnig áhrif á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar, útsvarstekjur og verðbætur og vexti í fjármagnslið Reykjavíkurborgar. Í

fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að gjaldskrár vegna þjónustu muni hækka að jafnaði um 3,5% um áramót.

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að ekki sé tilefni til að endurskoða verðbætur sviða né gjaldskrárforsendu að þessu sinni. Hins vegar er lagt til að tekið sé tillit til áhrifa breyttrar verðbólguforsendu á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar, útsvarstekjur og á fjármagnslið.

- Í nýrri spá Hagstofu er gert ráð fyrir að launaþróun verði 0,7%-stig hærri en áður var gert ráð fyrir. Þannig verði launavísitala 5,7% í stað 5,0%. Endurskoðuð forsenda um launavísitölu hefur áhrif á útsvarstekjuspá borgarinnar og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar. Vakin er athygli á að kjarabætur sviða taka mið af kostnaðarmati kjarasamninga.

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að tilefni sé til að endurmeta spá um útsvarstekjur og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar út frá nýrri forsendu um launaþróun.

- Á næsta ári er gert ráð fyrir minni hagvexti eða 2,4% í stað 3,0%. Vakin er athygli á því að forsenda um hagvöxt er ekki notuð með beinum hætti við gerð fjárhagsáætlunar. Forsenda um vinnumagn er metin af fjármála- og áhættustýringarsviði og þar er horft til atvinnuleysis, íbúafjölgunar og fjölda starfandi. Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að endurskoða forsendu um vinnumagn út frá þróun framangreindra liða og gera ráð fyrir 1,6% aukningu milli ára í stað 1,8%.

Samantekt

Heildaráhrif nýrrar þjóðhagsspár á rekstrarniðurstöðu A-hluta eru metin neikvæð um **173 m.kr.** sem hefur í för með sér að rekstrarniðurstaðan lækkar úr **1.653 m.kr.** í **1.480 m.kr.** að öðru óbreyttu. Vakin er athygli á því að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar og verðbætur eru reiknaðir liðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi A-hluta. Heildaráhrifin á handbært fé A-hluta eru jákvæð um **739 m.kr.** og hækkar þannig handbært fé í árslok úr **9.858 m.kr.** í **10.597 m.kr.**

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að tilefni sé til að taka tillit til breyttra forsenda um fyrir framangreinda liði og breyta fjárhagsáætlun A-hluta til samræmis. Fjárhagsáætlanir B-hluta fyrirtækja hafa ekki verið rýndar m.t.t. til þessa.

Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs